

## Samningur um umsjón og rekstur náttúruvættisins Dimmuborga í Skútustaðahreppi

1. gr.

### Samningsaðilar.

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Landgræðsla ríkisins, kt. 710169-3659 gera með sér samning um umsjón og rekstur náttúruvættisins Dimmuborga í Skútustaðahreppi í samræmi við 30. grein laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

2. gr.

### Markmið samningsins.

Markmið samningsins er að umsjón og rekstur hins friðlýsta svæðis í Dimmuborgum sé í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd og að reglur hins friðlýsta svæðis séu í samræmi við auglýsingu um friðlýsinguna.

3gr.

### Mörk náttúruvættisins

Friðlýsingin tekur til alls 421 hektara svæðis innan landgræðslugirðingar skv. meðfylgjandi korti auk 2,5 hektara svæðis utan girðingar við norðvestur jaðar svæðisins, alls um 423,5 ha. Mörk svæðisins eru nánar skilgreind í meðfylgjandi hnitatöflu og korti frá Landgræðslu ríkisins.

Punktur	X - hnit	Y - hnit	Punktur	X - hnit	Y - hnit
1	596377,0000	567943,0000	6	595856,0000	566515,0000
2	597240,0000	568157,0000	7	595916,0000	567113,0000
3	597711,0000	567862,0000	8	596183,3500	567573,2300
4	598458,0000	566752,0000	9	596106,2300	567770,8100
5	597743,0000	565766,0000	10	596229,2200	567600,0400

4. gr.

### Verndaráætlun og vöktun

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið í samráði við Landgræðslu ríkisins, Skútustaðahrepp, ráðgjafarnefnd um friðlýst svæði í Mývatnssveit og aðra hagsmunaaðila sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar náttúru svæðisins, lífríki og jarðmyndanir í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands og upplýsir Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins um aðsteðjandi hættur eða um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu verndar. Landgræðsla ríkisins sér um vöktun og nauðsynlegar framkvæmdir vegna sandflutnings og uppblásturs.

5. gr.

### Umsjón og landvarsla

Landgræðsla ríkisins sér um daglega umsjón, rekstur og viðhald náttúruvættisins.

Umhverfisstofnun annast landvörslu og greiðir kostnað vegna hennar. Landvörður skal uppfylla ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990. Hlutverk landvarða í náttúruvættinu er að gæta þess að ákvæði friðlýsingar og náttúruverndarlaga séu virt,

SS  
HJK  
SA

að koma á framfæri upplýsingum og fræða ferðafólk um náttúru og sögu svæðisins. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvarðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

6. gr.

*Fræðsla*

Umhverfisstofnun og Landgræðsla ríkisins hafa samstarf um útgáfu fræðsluefnis, svo sem bæklinga og skilta. Skiltagerð á svæðinu skal vera í samræmi við skiltahandbók Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Ferðamálastofu. Um skiptingu kostnaðar skal samið hverju sinni.

7. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð*

Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, Landgræðslu ríkisins og Skútustaðahrepps. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun. Gert er ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum um svæðið og skal leitast við að þeir geti tengst öðrum gönguleiðum um Mývatnssveit.

Landgræðslu ríkisins er heimilt að grípa til hvers konar aðgerða sem hún telur þörf á til að hindra sandfok inn á svæðið, til að stöðva sandfok á svæðinu og til að hindra eyðingu jarðvegs og gróðurs í náttúruvættinu, í samræmi við verndaráætlun og að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og Skútustaðahrepp, þannig að stofnunin og sveitarfélagið séu upplýst um umfang, eðli og tímamörk aðgerðanna. Við uppgræðslu og endurheimt gróðurs, skal nota innlendar tegundir, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við landgræðslu og stígagerð innan marka náttúruvættisins, enda sé ekki unnt að framkvæma starfið á annan hátt, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands. Sérstök aðgát skal viðhöfð við aksturinn til að draga úr hættu á náttúruspjöllum. Hafa skal fullnægjandi útbúnað til slíks aksturs. Leita skal leiða til að flytja efni og annað sem til þarf á þann hátt að ekki sé þörf á akstri utan vega.

8. gr.

*Skipting kostnaðar*

Um skiptingu kostnaðar sérstakra verkefna skal samið hverju sinni.

9. gr.

*Skýrslugerð*

Landgræðsla ríkisins skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu í lok hvers starfsárs um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi í náttúruvættinu. Í skýrslunni skal tilgreina ástand lands, fræðslu, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi náttúruvættið.

10. gr.

*Eftirlit Umhverfisstofnunar*

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um

SS

HJR  
[Signature]

náttúruverndarsvæðið, sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og verndaráætlun.

11. gr.

*Gildistími og gildistaka*

Gildistími samnings þessa fyrir náttúruvættið er 5 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfisráðherra. Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er á samningstímanum.

Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfisráðherra einu.

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfisráðherra.


12. gr.

*Meðferð ágreiningsmála*

Rísi ágreiningur um ákvörðun annars aðila en umhverfisráðherra um framkvæmd laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er heimilt að kæra ákvörðunina til Umhverfisráðherra, sbr. 74. gr. laga um náttúruvernd.


*Dimmuborgum, Skútustaðahreppi, 22. júní 2011*

F.h. Umhverfisstofnunar




Hjalti J. Guðmundsson  
sviðsstjóri sviðs náttúruauðlinda

F.h. Landgræðslu ríkisins



Sveinn Runólfsson  
landgræðslustjóri

~~Staðfesting umhverfisráðherra~~



Svandís Svavarsdóttir  
ráðherra

Vottar:

Alfari Alftanus 070640-4499  
Rósva Pálsson 3107515899


HJK



 **UMHVERFISSTOFNUN**  
<http://www.ust.is>

# Dimmuborgir

-  Fríðlysingarmörk
-  Bændi siltlag
-  Öbundi siltlag
-  Annað

N  
  
 Blað nr.: 1/1  
 UST2011062201

Flátnal svæðis: 423,5 ha (4,235 km <sup>2</sup> )
Kortvefnum: Lambert Kelluvefnum
Hnattstaða: ISN93
Kortagerð: Jón Örvar G. Jónsson
Dagur: 22-06-2011
© Loftmyndir ehf